

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

Fundur 1-2014

Tími: Miðvikudagur 26. mars 2014, kl. 15:00-16:00

Staður: Fundarsalur Akur Ásgarði Hvanneyri

Mætt: Ágúst Sigurðsson rektor formaður, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Helena Guttormsdóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir og Sigríður Embla Heiðmarsdóttir. Björn Þorsteinsson ritaði fundargerð

Fylgigögn:

Breytt lög um opinbera háskóla

Fjárhagsáætlun 2014 - yfirlit

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2014-2016

Dagskrá

1. Breytt lög um opinbera háskóla – nýtt háskólaráð
Rektor bauð nýja fulltrúa í háskólaráð velkomna og kynnti fyrir þeim lög um opinbera háskóla. Vakti sérstaka athygli á ákvæðum um hlutverk háskólaráðs.
2. Um tilnefningu tveggja fulltrúa til viðbótar í háskólaráð sbr. 6 gr. laga nr 85/2008 m.s.br. Ráðið ákvað að það þeir tveir fulltrúar sem tilnefndir skulu til viðbótar í ráðið samkvæmt framangreindri lagagrein skuli koma annars vegar úr háskólasamfélaginu og hinn úr atvinnulífinu sem jafnframt hefði skýra sýn á háskólastarf. Rædd voru hugsanleg nöfn og fulltrúum falið að hugsa ígrunda þau og jafnvel fleiri fyrir næsta fund.
3. Úr starfsemi LbhÍ - Stuttlega frá rektor
Sleppt vegna tímaskorts
4. Fjárhagsáætlun 2014-2016 endurskoðun.
Rektor gerði grein fyrir aðdraganda endurskoðunar fjárhagsáætlunar í ljósi starfs undanfarandi mánaða um sameiningu HÍ og LbhÍ. Hann rakti fram komna pólitíska andstöðu í samfélaginu við áform ráðherra og þær ráðstafanir sem þarf að grípa til við þær aðstæður. Rektor kynnti jafnframt innihald tillagna um niðurskurð sem háskólaráð ákvað án tafar að senda Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til umsagnar.
5. Önnur mál.
Annar fundur verði boður mjög fljótlega til að ganga frá fullri skipan í ráðið og til frekari umfjöllunar um lið 4.

BP